



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. september 2020

SFS2020080114

192. fundur

HG/ggg/hs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins um skólaakstur fyrir nemendur í Staðahverfi

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Enn er ekki búið að ganga frá því hvernig skólaakstri verði háttað fyrir þau börn sem búa í Staðahverfi og þurfa að sækja skóla langan veg eftir að Korpuskóla var lokað. Þegar skólanum var lokað var því lokað að skólaakstur stæði til boða en nú þegar örfáir dagar eru í að skólar hefjist er enn ekki búið að ganga frá þeim málum. Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um hvort staðið verði við loforð um skólaakstur og hvernig honum verði háttað. Í ljósi þess er lagt til að loforð um skólaakstur verði efnd og að foreldrar verði upplýstir um þessi mál hið fyrsta.

Frá upphafi skólaárs hefur gengið skólabíll úr Staðahverfi í Engjaskóla og Víkurskóla á morgnana og einnig er skólaakstur við skólalok fyrir þá nemendur í Staðahverfi sem þess óska. Jafnframt hefur verið akstur heim úr frístundaheimilinu Brosbæ í lok dags frá 8. september 2020. Fyrri ferð er kl. 16:30 og seinni ferð 16:45.

Þau sem vilja frekar strætókort en að þiggja akstur geta fengið það. Foreldrar hafa verið upplýstir um þetta frá skólabyrjun og það er mat skrifstofu skóla- og frístundasviðs að loforð um skólaakstur hafi verið uppfyllt.